

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 133/297*  
*komudagur 24.11.2006*

Sjávarútvegsnefnd Alþingis  
 Eiríkur Áki Eggertsson  
 nefndarritari  
 Austurstræti 8-10  
 150 REYKJAVÍK


Reykjavík, 24. nóvember 2006  
 2006110013/42-1-1  
 SB/ph

**Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands**

Visað er til bréfs sjávarútvegsnefndar Alþingis dags 17. nóvember sl. þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 79/1997 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Markmið breytinganna er að kveða með skýrum hætti á um heimild ráðherra til þess að samræma reglur um nýtingu deilistofna innan og utan landhelginnar og til þess að setja reglur um sérstök friðunarsvæði þar sem veiðar með öllum eða tilteknum veiðarfærum eru bannaðar.

Náttúrufræðistofnun er þeirrar skoðunar að núverandi lagaákvæði um verndun lífríkis á hafsbotni séu veik og er því meðmælt öllum lagabreytingum er lúta að því að styrkja þau ákvæði. Náttúrufræðistofnun telur jafnframt að gera þurfi sérstakt átak í verndun þeirra svæða á hafsbotni sem eru mikilvæg með tilliti til líffræðilegrar fjölbreytni. Í því sambandi er rétt að benda á heimild umhverfisráðherra til að friðlýsa náttúruminjar í hafi, þ.m.t. hafsbotn, samkvæmt ákvæðum 54. greinar náttúruverndarlaga nr. 44/1999. Þessi grein hefur aðeins örsjaldan verið notuð, síðast í janúar á þessu ári vegna stækkunar friðlandsins í Surtsey. Þekking á lífríki hafsbotnsins hefur stórauðist undanfarin ár, ekki síst með niðurstöðum úr verkefninu Botndýr á Íslandsmiðum sem nú er að ljúka og því eru til staðar forsendur til átaks í verndun hafsbotnsins.

Virðingarfyllt



Snorri Baldursson  
 staðgengill forstjóra

